

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum (góðir stjórnarhættir o.fl.).

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað orðanna „ársreikningi sínum“ í 1. mgr. komi: skýrslu stjórnar.
 - b. Á eftir orðunum „yfirlýsingunni skal“ í 1. másl. 2. mgr. komi: að lágmarki.
 - c. 1. tölul. 2. mgr. orðist svo: Tilvísanir í þær reglur sem og leiðbeiningar, handbækur og fleira um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða fylgja ber samkvæmt lögum og upplýsingar um hvar slíkt er aðgengilegt almenningi. Víki félag frá reglum eða öðru skv. 1. másl. í heild eða að hluta skal greina frá því hver frávikin eru og ástæðu fráviksins.
 - d. Í stað orðanna: „eftirlitskerfis og áhættustýringarkerfi“ í 2. tölul. 2. mgr. komi: eftirlits og áhættustýringarkerfa.
 - e. 3. mgr. orðist svo:
Upplýsingar um móðurfélag skv. 2. mgr. skulu jafnframt birtar í skýrslu stjórnar með samstæðureikningi auk lýsingar á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringarkerfa samstæðunnar í tengslum við samningu samstæðureiknings.
2. Við 3. gr. B-liður orðist svo: Við greinina bætist: svo og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007.